

**Ed.**

## **10. Frumvarp til laga**

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 54 4. júlí 1942.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson.

1. gr.

17. gr. laganna falli burt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Samhljóða frv. var á síðasta þingi borið fram af flutningsmanni þessa frv., en dagaði þar uppi, fékk afgreiðslu frá landbn. Ed., var samþykkt við aðra umræðu og vísað til þriðju umræðu. Skal hér vísað til greinargerðar allrækilegrar, er fylgdi því frv., að því viðbættu, að á síðasta aðalþúnaðarþingi var því lýst yfir samhljóða, að vilji búnaðarþings væri sá að nema úr löggjöf vorri ákvæði 17. gr. jarðræktarlagnanna. Var þessi yfirlýsing þingsins nú svo skýrt orðuð, að vart var hægt að hártoga hana. Það var áður talin helzta ástæðan gegn nefndu frv. af sumum andstæðingum þess, að fyrir lægi ekki ótvíraður vilji búnaðarþings í þessu máli, en nú er ekki framar sliku til að dreifa.